

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 63/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Steinari Þór Guðjónssyni.

Kærumál. Dómarar. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Með leyfi ríkissaksóknara og heimild í 1. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála hefur varnaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp í sakadómi Reykjavíkur 6. febrúar 1992. Er þar hafnað kröfu um, að yfirsakadómari og fulltrúar hans teljist vanhæfir til að fara með mál þetta.

Varnaraðili krefst þess, að yfirsakadómari víki sæti í málinu og málsvarnarlaun verði tildæmd í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Þegar aðalfulltrúi yfirsakadómara staðfesti bráðabirgðasviptingu ökuleyfis með úrskurði 17. október 1991, var það gert í sakadómi Reykjavíkur, enda um dómsathöfn að ræða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með tilvísun til þessa og forsendna úrskurðarins ber að staðfesta hann. Ákvörðun um málsvarnarlaun biður málslykta.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 6. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Steinari Þór Guðjónssyni.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður hefur í þinghaldi 31. f.m. gert þá kröfu f.h. ákærða, að yfirsakadómari og þar með fulltrúar hans víki sæti í máli þessu, og er í því efni vísað til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85,

1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11, 1954.

Er krafa þessi áréttuð í greinargerð lögmannsins, dagsettri 4. þ.m., með vísan til framangreindra ákvæða og að auki gerð krafa um, að málsvarnarlaun verði tildæmd.

Í greinargerðinni segir á þessa leið: „Ákærði byggir kröfu sína á því, að yfirsakadómariinn í Reykjavík svo og fulltrúar hans teljist vanhæfir að fjalla um málið vegna fyrri afskipta aðalfulltrúa yfirsakadómarans í málinu fyrir útgáfu ákæru.

Ákærði telur, að við uppkvaðningu úrskurðar í málinu, dags. 17. október 1991, hafi fulltrúinn, sem vann að málinu á abyrgð yfirsakadómarans, tekið slíka efnislega afstöðu, að ekki samrýmist því, að yfirsakadómariinn eða fulltrúar hans fari með málið eftir útgáfu ákæru.

Í þessu sambandi bendir ákærði á, að þannig var brugðist við kröfu hans þess efnis, að bráðabirgðaökuleyfisvipting yrði felld úr gildi, að fulltrúinn bókaði: „Dómariinn gerir kærða og lögmanni hans ljóst, að hann muni ekki verða við fram kominni kröfu.“ Krafast var þá úrskurðar um þessa synjun. Í framhaldi af því var síðan kveðinn upp úrskurður, þar sem fulltrúinn reisir niðurstöður sínar á efnislegum atriðum, svo sem að í máli þessu liggi fyrir játning kærða um akstur bifreiðarinnar R-26071 að undangenginni neyslu áfengis.

Ákærður telur því, að hætta sé á því, að yfirsakadómariinn og fulltrúar hans geti eigi litið óhlutdrægt á málavöxtu. Verði því að telja þá vanhæfa að fjalla þannig efnislega um málið eftir útgáfu ákæru, og beri því yfirsakadómaranum að víkja sæti í málinu.“ Í þessu efni er vísað til framangreindra lagaákvæða.

Mál þetta barst dómnum frá lögreglustjóranum í Reykjavík með bréfi, dagsettu 26. ágúst á fyrra ári, og fól yfirsakadómari Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa það til meðferðar.

Samkvæmt lögregluskýrslu í málinu hafði ákærði verið stöðvaður við akstur bifreiðarinnar R-26071 hér í borginni aðfaranótt 28. janúar á fyrra ári, og lá fyrir grunur um, að hann væri með áfengisáhrifum. Ákærða var tekið blóðsýni, og samkvæmt gögnum frá lögreglu var alkóhólmagn í því 2,73‰. Framburður ákærða hjá lögreglu 12. febrúar var á þessa leið:

„Mér hefur verið kynnt sakarefnið, og er mér kunnugt um það, hvað mig varðar. Ég var við áfengisdrykkju í Bjórhöllinni umrætt kvöld og drakk töluvert mikið, svo að ég varð nokkuð ölvaður. Ekki hefði komið til, að ég færi að aka bifreið í því ástandi, sem ég var, nema vegna skertrar dómgreindar vegna umræddrar áfengisneyslu. Ég geri mér ekki grein fyrir

því, hvert ég var að fara, þegar lögreglan hafði af mér afskipti, en líklegast hef ég verið á leiðinni til kunningja míns. Annað hef ég ekki um málið að segja.“

Lögreglustjóri svipti ákærða ökuleyfi til bráðabirgða 20. ágúst.

Júlíus Georgsson aðalfulltrúi kvaddi ákærða fyrir dóm, og mætti hann 17. október með Hilmari Ingimundarsyni hrl. Aðalfulltrúinn gaf ákærða kost á að ljúka málinu með dómsátt, þ.e. greiðslu hæfilegrar sektar, og til að sæta sviptingu ökuleyfis tólf mánuði. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og hafnaði sáttaboðinu. Sagði hann, að það kæmi sér á óvart, hversu mikill vínandi hefði reynst í blóði sínu, og fengi það ekki staðist miðað við það, að þá hefði útlit hans og önnur einkenni átt að vera á allt annan veg en fram komi í skýrslu varðstjóra. Hlyti blóðsýni úr sér að hafa misfarist í meðferð eða skráningu, þar sem alkóhól-magnið í því væri óeðlilega hátt miðað við áfengisáhrif þau, sem hann fann fyrir. Hann krafðist þess jafnframt, að bráðabirgðasvipting ökuleyfis, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefði ákvarðað sér 20. ágúst, yrði felld úr gildi.

Aðalfulltrúinn vildi ekki á það fallast, og krafðist ákærði úrskurðar um synjunina. Kvað aðalfulltrúinn samdægurs upp úrskurð, þar sem hann hafnaði kröfu ákærða. Ákærði skaut úrskurðinum til Hæstaréttar Íslands, sem felldi úrskurðinn úr gildi með dómi 30. sama mánaðar. Aðalfulltrúinn endursendi lögreglustjóranum í Reykjavík málskjölin með bréfi, dagsettu daginn eftir, og gat þess þar, að ákærði hafnaði dómsátt. Að frumkvæði embættis lögreglustjóra fór fram frekari rannsókn í málinu hjá embættinu dagana 14. og 19. nóvember án beiðni eða afskipta dómsins, og mættu þrír lögreglumenn til skýrslugjafar. Einnig voru lögð fram þrjú vottorð um blóðsýnatökur, vottorð frá Rannsóknastofu háskólans um móttöku á blóðsýnum og vottorð um beiðni um töku blóðsýna og niðurstöðu þeirra. Lögreglustjóri sendi málið síðan ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 25. nóvember, og gaf ríkissaksóknari út ákæru í því 29. s.m.

Yfirsakadómari hafði engin afskipti af málinu, meðan á meðferð aðalfulltrúans á því stóð, og var ókunnugt um hana, þar til hann fékk framangreindan dóm Hæstaréttar í hendur. Eftir að aðalfulltrúinn fékk ákærana í málinu, ræddi hann við yfirsakadómara og bað um að verða leystur frá meðferð þess vegna fyrri afskipta sinna af því. Yfirsakadómari féllst á beiðni aðalfulltrúans og fól Símoni Sigvaldasyni fulltrúa meðferð málsins. Þingfesti hann málið 6. desember á fyrra ári.

Yfirsakadómari lítur svo á samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, að engin rök séu til þess að telja, að framangreindar aðgerðir valdi vanhæfi sínu til að fara með mál þetta, og þar með, að fulltrúar sínir verði vanhæfir til þess. Verður krafa ákærða því ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Hilmars Ingimundarsonar hrl. f.h. ákærða, Steinars Þórs Guðjónssonar, um, að yfirsakadómari og þar með fulltrúar hans skuli taldir vanhæfir til að fara með mál þetta, er hafnað.

Málsvarnarlaun verða ekki tildæmd á þessu stigi málsins, og bíður ákvörðun um þau efnisdóms í málinu.
